# Ulf Jónsson, Úlfljótsvatni, yfirlit útsvar, tekju- og eignaskatt 1937

Bjarni Benediktsson – Ulf Jónsson, Úlfljótsvatni, yfirlit útsvar, tekju- og eignaskatt 1937

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úlfljótsvatni 2/11-1937.

Kæri Bjarni!

Þegar við hittumst í Reykjavík um daginn, ljestu þau orð falla, að „þeir" fyrir austan vildu, að jeg færi hjeðan vegna þess, hve jeg greiddi lítil sveitargjöld. Jeg vildi ekki kannast við, að þetta væri rjett samanborið við hina aðra 13 bændur í hreppnum.

Af þessum ástæðum vildi jeg að gamni mínu senda þjer neðanskráð yfirlit til að láta þig sjálfan um það dæma, hvað til sje í þessum staðhæfingum „þeirra".

Hitt get jeg sagt þjer í fullri hreinskilni, að feginn vildi jeg fara hjeðan, ef jeg gæti fengið fast starf nokkurnveginn við mitt hæfi í Reykjavík eða annarsstaðar, en það er búskapurinn ekki, eins og jeg efast ekki um, að þú getir skilið; og fengi jeg tækifæri aftur, þyrfti enginn að óttast um að jeg, með konu og 3 börn, færi eins að ráði mínu og forðum.

Jeg reyni að hitta þig næst þegar jeg verð á ferð.

Líði þjer vel

þinn

Úlf

| | | | Börn undir 16 ára | Útsvar | Tekju- og eignarsk. |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðrún Jónasson og Gunnþórunn | Nesjum | ógiftar | barnlaus | 155 | ekki skattskyldar |
| Jón Sigurðsson | Nesjavöllum | giftur | 2 börn | 45 | 1.00 |
| Ólafur Einarsson | Hagavík | giftur | 0 | 50 | 0 |
| Sæmundur Gíslason | Ölfusvatni | ógiftur | 0 | 120 | 6.20 |
| Guðm. Jóhannesson | Króki | giftur | 5 | 40 | 13.40 |
| Jóhann Jóhannesson | Króki | óg. | 0 | 100 | 9.50 |
| Þorgeir Magnússon | Villingavatni | óg. | 0 | 130 | 7.70 |
| Úlf Jónsson | Úlfljótsvatni | giftur | 3 | 70 | 65.00 |
| Guðm. Þorvaldsson | Bíldsfelli | giftur | 2 | 200 | 15.70 |
| Gísli Snorrason | Torfastöðum I | giftur | 2 | 55 | 0 |
| Sig. Jónsson | Torfastöðum II | giftur | 0 | 53 | 1.50 |
| Sig. Guðmundsson | Litla Hálsi | giftur | 4 | 10 | 0 |
| Hannes Gíslason | Stóra Hálsi | giftur | 3 | 35 | 0 |
| Jón Guðmundsson | Hlíð | óg. | 0 | 15 | 0 |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur